



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leiðskólinn Laugasól.

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1    Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2    Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3    Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4    Innra mat Sunnulækur 2023-2024 .....	7
5    Innra mat Draumalækur 2023-2024.....	9
6    Innra mat Mánalækur 2023-2024 .....	12
7    Innra mat Fagrilækur 2023-2024.....	14
8    Innra mat Undralækur 2023-2024.....	18
9    Innra mat Ljúfilækur 2023-2024.....	23
10    Einingakubbasögur úr Laugasól veturinn '23 - '24.....	25
11    Innra mat sérkennslu.....	26
5    Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	32
6    Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	34
7    Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	35
8    Foreldrasamvinna.....	35
9    Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	36
10    Fylgiskjöl .....	37
10.1    Aðgerðir í tengslum við barnasáttmálann. ....	37
10.2    Umsögn foreldraráðs.....	44



## Leiðarljós leikskólans

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðastliðinn skólavetur byrjaði rólega þar sem engin ný börn voru tekin inn í Laugasól vegna fyrirhugaðra breytinga á húsnæði. Þetta hafði talsverða fækkun í för með sér á barnahópnum. Flutningar úr efta húsínu stóðu fyrir dyrum og flytja átti í Safamýri 5 með börn og starfsfólk efra hússins þennan skólavetur. Gánum sem höfðu hýst eina deildina var lokað. Þeir áttu að vera til bráðabirgða í 6 mánuði en það var búið að nota þá í þrjá veturn. Það húsnæði var alveg ónýtt og engum börnum né starfsfólk bjóðandi lengur. Ekkert varð úr flutningum með efta húsið í Safamýrina á þessum fráfarandi skólavetri. Í maí var svo loks búið að taka tilboði verktaka og flutningar í Safamýrina fóru fram eftir miðjan maí, vorið 2024. Lokað var einn dag þann 16. maí og svo heppilega vildi til að 17. maí var áður ákveðinn skipulagsdagur þannig að tveir dagar fóru í þessa flutninga. Starfsmenn stóðu sig eins og hetjur, fylltu á hvern kassann á fætur öðrum og flutningarnir gengu hratt og vel fyrir sig. Það er ekki lítið mál að koma heilum leikskóla fyrir á tveimur dögum.

Á yfirstandandi skólaári var ekki slegið slöku við í fagmennskunni með krefjandi verkefnum. Leikskólinn er í Erasmus samstarfi við háskólanum í Stokkhólmi, Háskóla Íslands og fjóra leikskóla í Stokkhólmi ásamt fjórum leikskólum á Reykjavíkursvæðinu. Þeir eru í verkefni sem snýr að þátttöku kennarans í leik barna með félagslega sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið hefur vinnuheiði „Leikur, nám, gleði“. Starfsmenn ásamt stjórnendum frá leikskólum í Stokkhólmi hafa komið hingað til Íslands í vinnuferðir og eins hafa starfsmenn ásamt stjórnendum frá Íslandi farið til Stokkhólms. Þetta hafa verið gefandi, skemmtilegar og ögrandi vinnuferðir. Þessu samstarfsverkefni líkur vorið 2025 nema annað verði ákveðið.

Þróunarverkefnið sem hefur verið í gangi síðastliðinn tvö ár í samstarfi við Unicef, Háskóla Íslands og fimm aðra leikskóla á Reykjavíkur svæðinu hefur gengið vel. Þetta verkefni snýst um það að vinna með barnasáttmálann og að útbúa verkferil til að leikskólar geti farið í þá vegferð að verða réttindaskólar Unicef. Fyrir Laugasól náði verkefnið hápunktí á sumarhátíð leikskólans með því að fáni Unicef var dreginn að húni. Leikskólinn er þar með kominn með titillinn **réttindaskóli Unicef**. Verkefnið og samstarfið við Unicef og Háskólanum á Íslandi mun halda áfram næsta skólaár.

Regnbogavottuninni verður viðhaldið með fræðslu og miðlun til barna og starfsfólks. Upplýsingar um mikilvægi fjölbreytileikans eru nú sem endranær mjög mikilvægur þáttur í samfélagini. Það er leiðarljós leikskólans að viðhalda vottuninni með áframhaldandi fræðslu.

Verkefni næsta skólaárs er meðal annars áframhaldandi vinna með Unicef, áframhaldandi þátttaka í Erasmus verkefni með leikskólum frá Stokkhólmi, vinna að mannúð og skilningi á fjölbreytileika lífsins, styrkja samvinnu stjórnenda og annarra starfsmanna og auka í þá fagmennsku sem hér ríkir á Laugasól.





## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Leikskólinn – fagstarf og umhverfi
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Spurningakönnun starfsmanna. Mat á umbótarpáttum (unicef, regnbogavottun og erasmuss leikverkefnið) þrisvar yfir árið inn á deildum (ágúst, febrúar og júní).
<b>Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Allir starfsmenn skólans. Það var unnið stöðumat með börnum leikskólans í tengslum við Unicef
<b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Í framhaldi af matinu með börnunum var unnin aðgerðaráætlun sem var unnin í skólastarfinu. Aðgerðirnar sem voru framkvæmdar eru aftast sem viðauki. Þær voru partur af því sem voru tækifæri til umbóta. Þetta verður gert aftur á næsta skólaári. Við sjáum tækifæri til umbóta í að efla þekkingu starfsmanna enn meira á þátttöku fullorðinna í leik og mikilvægi þess að skapa þessi tengsl við börnini sem myndast þar. Þetta er partur af verkefni sem við hófum í haust (erassmuss ) og þarf að efla þekkingu og þátttöku allra starfsmanna hér. Einnig í samræmi við það sjáum við tækifæri til að vinna að frekari innleiðingu á tengslareikningnum og mikilvægi jákvæðra og uppbyggilega samskipta til þess að tengslin séu sem best sem hefur síðan áhrif á alla þætti skólastarfsins.





## Ytra mat

Hvað var metið?	Innleiðing barnasáttmálans
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Úttekt Unicef í tengslum við réttindaskólaverkefnið.
<b>Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Starfsfólk frá Unicef teymi
<b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Við sjáum mikið tækifæri til umbóta í þátttöku foreldra. Myndum vilja efla þann þátt meira og nota t.d. Barnasáttmálann sem samvinnuverkefni heimilis og skóla.

## 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Matsþáttur	Stjórnun
<b>Samskipti</b>	Samtöl og samskipti við starfsfólk.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Hafa snerpu samtöl oftar á skólaárinu. Efla opin og jákvæð samskipti stjórnenda og starfsfólks.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Hafa tvisvar á hvorri önn fyrir sig. Deildarstjórar taka sína starfsmenn í samtöl og stjórnendur Deildarstjóra í samöl. Stjórnendur taka alla starfsmenn skólans í stutt samtal að hausi og aftur að vori.
<b>Ábyrgð</b>	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024 og líkur vor 2025.
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Haldið skráningar yfir fundina yfir árið. Metið í vor með starfsfólk hvernig þeim þótti að hafa þessi samtöl yfir árið og hvort það hafi bætt einhverju við í þeirra starfi og starfsumhverfi.
<b>Viðmið um árangur</b>	Opnari og nánari samskipti í leikskólanum. Bætt upplýsingarflæði og góður starfsandi.





Matsþáttur	Mannauður
<b>Samheldni í starfsmannahópi</b>	Halda utan um starfsmannahópinn.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Erum á tveimur starfsstöðum og því mikilvægt að stefna að því að halda vel utan um starfshópinn í heild og stuðla að jákvæðri vinnustaðarmenningu og gleði.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Hafa sterkt skemmtiráð sem stjórnendur eru hluti af. Virkja ýmiskonar skemmtun og hópagleði sem hentar öllum þeim sem hér starfa.
<b>Ábyrgð</b>	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024 og líkur vor 2025.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Halda góðar skráningar, hafa myndrænar skráningar á kaffistofum og senda út könnun í vor um vellíðan í starfshópnum.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Áframhaldandi góð og jákvæð vinnustaðarmenning. Gleði í starfsmannahópi, styrkur í hópnum sem gefur af sér góðan skólabrag í heild sinni.



## 4 Innra mat Sunnulækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

Fáninn er kominn í hús eftir að Unicef gerði úttekt hjá okkur. Við höfum staðið okkur nokkuð vel í að sjálfs efla börnin, bæði í fataklefanum sem og í matsalnum. Börnin hafa auðvitað þroskast bæði andlega sem og líkamlega og með þessum aukna þroska eiga þau langflest auðveldara með að sýna sjálfstæði. Í **matartímanum** sjá þau orðið að langmestu leiti um að skammta sér sjálf á diskana og hella vatni í glösin hjá sér. Það er helst að við aðstoðum þau ef það er súpa í matinn þar sem ausan í súpuskálinni er stór og klunnaleg og þau ráða illa við að nota hana. Kaffitímarnir ganga orðið vel. Börnin hafa vanist því að koma að borðinu þegar þeim er boðið, þá ýmist af kennara eða öðru barni, og börnunum þykir mikið sport að fá að sækja næsta barn. Þau fá allt álegg og drykki á borðið til sín og geta því gengið beint í allt og smurt sér það sem þau langar í. Frágangur eftir matartímana gengur líka mjög vel og börnin skafa sjálf af diskunum ofan í fötu og setja hnífapör og áhöld í aðra fötu. Eins sjá þau sjálf um að þurrka upp það sem hellist niður.

Til að efla enn frekar sjálfseflingu barnanna og gera þau meðvitaðri um eigið vald komum við upp **skráningakerfi** þar sem þau geta sjálf skráð eftir hvern matartíma hvernig þau borðuðu í hádeginu. Hugmyndin með þessu eru að þau átti sig betur á því hvernig þau borðuðu, hvað þeim þykir gott að borða og hvað síðra. Einnig hafa þau með þessu sjálf vald til þess að leggja mat á sitt eigið magamál óháð því hvað okkur fullorðna fólkini finnst.

Við tókum í veturn up þá nýbreytni að leyfa börnunum alfarið að **velja hvort þau fær út** yfir daginn eða ekki. Fyrst um sinn völdu þau mörg að fá að vera inni og fannst greinilega mjög spennandi að hafa þetta val og þetta vald til að ráða yfir sér sjálf. Þegar veðrið fór síðan að batna og daginn að lengja völdu þau mun oftar að fara út.

Í tengslum við **Regnbogaverkefnið** höfum við svo sem litlu bætt við. Fjölbreytt fjölskyldumynstur eru sýnileg og við reynum að hafa orðræðuna þannig að öll hafi pláss og séu sýnileg.

### Erasmuss + Leikverkefnið

Það gekk nokkuð treglega að starta verkefninu og maður skynjaði að það var þónokkuð óöryggi og stress í starfsmannahópnum þessu tengt. Fólk var ekki að sjá fyrir sér hvernig það ætti að vinna með bókina og margir voru alls ekki tilbúnir til þess að vera virkir þátttakendur í leikstundum með börnunum þar sem þeir þyrftu að vera í hlutverki og jafnvel búningum. Þegar leið á og starfsmannahópurinn hafði fengið meiri fræðslu um leikverkefnið skýrðust málín talsvert og fólk





skyldi betur hvað ætlast var til af þeim. Allir hófu því þetta verkefni nokkuð jákvæðir og tilbúnir að láta reyna á þetta.

Við fórum vel af stað, lúslásum bókina og börnin höfðu ágætlega gaman að. Innihald bókarinnar smitaðist út í frjálsa leikinn hjá börnunum, sérstaklega úti þar sem þau breyttu brunabílnum í Peruna og skipuðu sér í hlutverk Sædrekans ægilega, Mítsó og Bastián. Það var líka stundum leirað upp úr bókinni, þ.e. þau voru að spjalla um persónurnar og búa þær til úr leirnum.

Við fórum aldrei í skipulagðar leiklotur þó svo að það hafi alltaf staðið til og það skrifast eingöngu á okkur. Okkur hafi mögulega ekki tekist að tengjast bókinni nógu sterkt til þess að smita áhuga yfir í börnin, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að kveikja á áhuganum hjá okkur og þar með barnahópnum.

Upp hefur komið sú hugmynd að skipta hreinlega um bók þar sem það virðast vera fleiri en við sem eiga í erfiðleikum með að tengja við „Ótrúleg saga um risastóra peru“. Allavega er eitthvað sem er ekki alveg að virka nógu vel með þessa bók sem valin var fyrir verkefnið og þar sem það er heilt ár eftir af þessu þróunarverkefni, og það gengur alls ekki eins og við vonuðumst eftir, mætti alveg láta á það reyna að skipta um bók. Aðalvandamálið er samt áhuga-og framtaksleysi starfsmanna.

## Umbótaráætlun

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

Deild/aldur barna	Sunnulækur 4 – 5 ára börn
Hvernig notar deildin tengslareikninginn?	Ekkert markvisst eins og er
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla samskipti milli barna og starfsfólks
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skoða og ræða innan starfsmannahópsins tengsla reikninginn og Barnasáttmálann, gera á deildarfundum
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til vors 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum hvernig gengur
Viðmið um árangur.	Auka skilning starfsfólk á mikilvægi þess að mynda góð tengsl við barnahópinn, gefa þeim verkfæri til þess að mynda þessi tengsl





**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Sunnulækur 4 - 5 ára börn
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	Talað um hvað góð samskipti feli í sér, reynt að hafa fyrir þeim hvernig góð samskipti eru, vera fyrirmynndir
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Auka gæði samskipta í barnahópnum, kenna þeim hvað góð samskipti fela í sér
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Starfsfólk er til staðar til að leiðbeina börnunum í samskiptum
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsmenn framkvæma
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024- lýkur aldrei
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Ræða á deildarfundum og meta árangurinn, ræða við barnahópinn t.d. í samverustundum
<b>Viðmið um árangur.</b>	Að auka gæði samskipta og reyna að tryggja að allur barnahópurinn upplifi jákvæð samskipti og að hægt sé að leysa samskiptavanda sem upp kemur fljótt og faglega

## 5 Innra mat Draumalækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

**Útiveran:** Við höfum ekki staðið okkur í skráningum eins og við áætluðum okkur. Við höfum gert þær breytingar að fyrst vorum við með val á föstudögum hvort þau vildu fara út eða vera inni. Við breyttum því síðan í alla daga vikunnar. Vorum fyrst að spyrja þau hverjur vilja fara út en núna látum við það koma frá þeim þ.e.a.s. við erum hætt að spyrja hverjur vilja fara út. Þetta hefur gengið ágætlega, voru fyrst mikið inni, örugglega spennandi að hafa þetta val að geta verið inni. Eru farin að vilja vera meira úti, okkur finnst þau ekki rápa mikið inn og síðan aftur út. Heldur ef þau velja að fara út þá eru þau úti fram að mat/kaffítíma. Þau eru að læra inná þetta, hvenær þau fara út og hvort þau vilji vera úti.

Þannig að það sem gekk vel var að við vorum ferkar fljótlega farin að venjast því að allir þurfa ekki að fara út, kennari sem hefur mikinn áhuga á útiveru getur farið út og verið með einhver spennandi verkefni úti þannig að fleiri börn velji þá útiveru. Eins voru börnin fljót að tileinka sér þetta. Það sem gekk illa voru/eru skráningarnar. Þannig yfir höfuð kom þetta vel út varðandi börnin en ekki eins vel sem sneri að starfsfólkini.

**Matartíminn:** Við erum farnar að átta okkur á því að börnin geta gert svo margt sjálf og það er í lagi að gera mistök því við lærum af þeim. Þetta hefur allt verið í svo miklum vana að við setjum á diskana



ósjálfrátt en erum að draga úr því. Erum farnar að láta þau fá sér sjálf morgunmat, þau setja sjálf á diskana og hella í glösin. Þarna kemur barnasáttmálinn sterkur inn þ.e.a.s. þau hafa val hvað þau setja á diskinn og hversu mikið þau fá sér ( þetta á líka við í útiverunni þar sem þau hafa val ). Þau eru hætt að spyrja hvernig þau borðuðu og setja bara miðana á hólfíð sitt. **Kaffítíminn** hefur gengið vel og hefur ekki orðið breyting þar á, þau setjast öll niður á sama tíma ( mega setjast þar sem þau vilja en mörg setjast í sitt sæti og er það magnað að hin börnin sem borða í salnum setjast oft ekki í sætin sem börnin eru í sem borða inni á deild) hver og einn smyr fyrir sig og þau mega ganga frá þegar þau eru búin þannig að allir drekka á sínum hraða og forsendum.

**Regnbogavottun:** Höfum ekki verið að vinna markvist með þetta en erum meðvituð um að hver og einn fái að vera eins og hann er og við tökum hverjum sem er eins og hann er. Tökum reglulega umræðu um þetta málefni við börnin að við þurfum ekki að vera öll eins og við eיגum ekki öll eins fjölskyldu. Að við erum bara eins og Páll Óskar syngur um: ég er bara eins og ég er. Okkur finnst börnin ekkert vera að velta þessu fyrir sér, þau taki bara öllum eins og þeir eru.

### **Erasmuss + Leikverkefnið**

Þetta verkefni er mjög skemmtilegt en maður má ekki slaka á. Okkar upplifun á verkefninu var að það var góður áhugi hjá börnunum og hjá okkur þó við hefðum þurft að halda þessu við. Vorum dugleg að tala um verkefnið þegar tækifæri gafst. Ákváðum að lesa fyrst bókina, hafa umræður, myndlist og síðan settum við upp leikstundir. Eftir á að hyggja þá tókum við pásu á verkefninu í desember mánuði og var svolítið erfitt að byrja aftur, hefðum ekki átt að taka pásu þar sem við vorum komin á ágæt skrið. Því öllum góðum verkefnum þarf að halda við og vera alltaf á tánum. Maður sá stundum sjálfsprottin leik hjá börnunum tengt verkefninu t.d. þegar þau voru að fara út þá töluðu þau um að fara í sjóræningjaleik og eitt barnið sagðist geta verið Sædrekkinn því það væri appelsínugult í peysunni hans. Annað dæmi: börnin voru inni í Laut og þeim var orðið ansi heitt og orðin rauð í framan, þá heyrust í einu barninu: hey við erum öll að breytast í Kvist.

Hefðum þurft að viðhalda þessu og ekki taka pásu, og því gekk erfiðlega að byrja aftur og þá var dampurinn svolítið dottinn niður í stað að halda bara áfram og viðhalda áhuganum. Næstu skref sé ég fyrir mér að við bjóðum börnum af öðrum deildum að vera með okkur í leikstund og sjá hvort þau smiti hvort annað og þá í leiðinni starfsfólkið á deildinni sinni. Að vera alltaf meðvitaður um verkefnið og hlusta á börnin og koma með kveikjur. Yfir sumartímann að færa leikstundina út. Hafa meiri samvinnu á milli deilda. Því þetta er jú vinnan okkar. Gott að breyta líka hugsana hætti okkar og hugsa meira hvernig get ég gert þetta áhugavert, fara í sjálfskoðun því um leið og okkur þykir þetta





skemmtilegt getum við smitað út í hópinn. Þetta er góð bók sem bíður uppá marga möguleika þó maður þurfi ekki að leika eins og í bókinni heldur að vera með og finna barnið í sjálfum sér.

## Umbótaráætlun

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

Deild/aldur barna	Draumalækur 4 – 5 ára börn
<b>Hvernig notar deildin tengslareikninginn?</b>	Höfum ekki verið að nota hann markvisst en kannski ómeðvitað þar sem við ræðum barnahópinn á deildarfundum.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að nota hann markvisst og ræða hann á deildarfundum. Að allir starfsmenn séu meðvitaðir og noti hann markvisst
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Á deildarfundum. Hver og einn búin að vinna í honum fyrir fund og hann síðan ræddur.
<b>Ábyrgð</b>	Steinunn deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Allt skólaárið
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Eigum alltaf að vera að meta okkar samskipti við börnin. Við erum þeirra fyrirmyn dir og gott að þau sjái falleg samskipti á milli starfsfólks. Gott að ræða saman, hafa fundi til að fara yfir þessi mál.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Að það séu falleg samskipti allra, við berum virðingu fyrir börnum og að við hlustum á þau. Að þau finni til öryggis og líði vel og geti tjáð sig, verið sjálfssörugg í sínum aðstæðum.

**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Draumalækur 4 – 5 ára börn
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	Það er rætt reglulega við börnin í samverustundum. Hvert og eitt barn fær að tjá sig. Spyrum opnar spurningar t.d. hvernig líður þér í leikskólanum, hvað er vinur, hvað gera vinir og hvað getum við gert ef einhverjum líður illa.





<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að öllum líði vel og hafa falleg samskipti milli allra. Að bera virðingu fyrir hverjum og einum eins og hann er. Hægt að styðjast við bækur þar sem börnin þurfa að koma með lausnir.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Með samræðum bæði á milli starfsfólks og við börnin.
<b>Ábyrgð</b>	Steinunn deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Allt skólaárið
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Erum að meta samskipti barnanna alltaf. Með því að horfa á samskipti þeirra, vera með þeim í leik og þá sér maður samskiptin þeirra á milli. Umræður bæði milli starfsfólks og barnanna. Rætt á deildarfundum.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Að börnin hafi falleg samskipti sín á milli í leik og starfi. Að þau séu vinaleg hvort við annað, deili leikföngum, hlusti á hvort annað og svara þegar talað er við þau.

## 6 Innra mat Mánalækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

Vinna varðandi Unicef og Regnbogavottunina er á mjög góðum stað. Vel hefur gengið að halda umræðu varðandi fjölbreytileika lifandi. Orðræðan á deildinni passar vel að hugmyndafræði regnbogans. Það að fá regnbogavottun er í raun engin stórkostleg umbreyting vegna þess að fyrir hana þá var deildin mjög meðvituð um mikilvægi þess sem að regnbogavottunin boðar.

Unicef verkefnið er í mjög góðum farvegi. Það tók tíma að átta sig og máta við verkefnið. Meiri meðvitund er meðal starfsmanna varðandi það að sjálfs efla börnin. Stærsti þátturinn og kannski mesta breytingin er varðandi útiveruna. Í upphafi voru efasemdir varðandi það að breyta fyrirkomulagi útiveru þ.e. að fara úr því að allir færðu út fyrir hádegi í að vera frjálst hvort og hvenær þau færðu út. Ótti var um að einhver myndi kannski aldrei fara út þannig að með lýðheilsu í huga ákváðum við að ef einhver færði ekki út í two daga og ætlaði að vera inni þriðja daginn þá yrði tekið samtal við viðkomandi og útskýrt mikilvægi útiveru. Fyrstu ca. Þrjá mánuðina vorum við með skráningu á því hvort og þá hvenær börnin fóru út, vildum kortleggja hvort eitthvert þeirra vildi aldrei fara út eða bara eftir hádegi o.s.frv. Í ljós kom að flestir vildu fara út á hverjum degi nema einn sem





fékk þá bara lýðheilsu samtal og eftir það var allt eins og í sögu. Þetta fyrirkomu lag er til mikilla bóta. Bæði börn og starfsfólk dreifast betur sem skapar færri börn á hvert rými sem alltaf er til bóta. Kannski það mikilvægasta af öllu er að börnin hafa rödd sem að hlustað er á, þau hafa eitthvað um líf sitt að segja og hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

### **Erasmuss + Leikverkefnið**

Lítið sem ekkert er að fréttu af Erasmuss. Bókin lesin og skoðuð síendurtekið. Hvorki sagan eða myndirnar / persónurnar virðast heilla. Engin virðist tengja við bókina, hvorki börn né starfsfólk og hún endurspeglast ekki í leik barnanna. Næstu skref er afar óljós.

### **Umbótaráætlun**

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

<b>Deild/aldur barna</b>	<b>Mánalækur 2 – 4 ára börn</b>
<b>Hvernig notar deildin tengslareikninginn?</b>	Samtal á deildarfundum um mikilvægi þess að leggja inn traust hjá börnum. Dags daglega er verið að leggja inn t.d. með því að leika, tala, hjálpa, hrósa, styðja og hvetja o.s.frv.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Byggja upp traust milli starfsfólks og barna
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Halda áfram að leggja inná tengslareikning barnanna.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og annað starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Alltaf í gangi
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið á deildarfundum og í samtali við börnin.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Bera börnin traust til okkar starfsmanna. Koma þau til okkar með vandamál, sækja þau í samskipti við okkur.





**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Mánalækur 2 – 4 ára börn
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	Unnið með samskipti í töluðu máli og einnig lesnar sögu sem taka fyrir samskipti.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Gera börnin hæf í fallegum samskiptum þar sem hallar ekki á neinn. Kenna virðingu fyrir hvert öðru.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Tala saman, í gegnum leik, lesa og segja sögur.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og annað starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hafið og tekur aldrei enda
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið á deildarfundum og í samtölum við börnin.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Verður breyting á samskiptum milli barnanna. Tekst að koma inn virðingu og umburðarlyndi hjá börnunum.

## 7 Innra mat Fagrilækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

Í upphafi skólaárs héldum við á Fagralæk keflinu gangandi í að efla raddir barnanna með því að koma huqmyndakassanum vel af stað á deildinni. Við sáum hins vegar mun á því að börnin sem að voru að koma ný inn á deildina voru ekki eins virk í að koma með hugmyndir í kassann, eins og hann væri þeim framandi. Það var ekki fyrr en með vorinu sem að þau töku við sér og stóð þá ekki á hugmyndunum. Kassinn datt niður í kringum flutningana í Safamýrina og þarf að koma honum aftur af stað, í síðasta lagi í ágúst þegar að nýtt skólaár hefst. Það gat stundum verið erfitt að koma öllum hugmyndum í framkvæmd þar sem þær byggðust á að hafa sérstakan þemadag sem var kannski erfitt að koma inn í dagskrána eins og að gista á leikskólanum en það er hægt að hafa náttfatadag sem dæmi.

Við byrjuðum að nota matarmiða þar sem börnin merkja hvort þau borðuðu mjög vel, vel eða lítið og gekk það afar vel. Með þessu ná börnin að meta hversu vel þau borðuðu sjálf. Þetta datt einnig niður





í kringum flutninga og þarf því aðeins að minna þau á núna og eru þau farin að minna hvort annað á sem er frábært.

Útiveran var annar áherslupunktur þessa skólaárs og var markmið okkar á Fagralæk að gera hana markvissari. Treysta börnunum fyrir því að hafa val um það hvort þau vildu fara út eða ekki? Náðum því markmiði ekki eins vel og við vildum. Í byrjun vorum við í föst viðjum vanans að láta kaffitíma starfsfólks hafa áhrif eftir hádegi og duttum því miður í þann pytt að hafa „ríkisútiveru“ eftir hádegi. „Allir út.“ Hins vegar með vorinu, eftir að hafa heyrt að þetta væri ekki eins mikið mál frá öðrum deildum, fórum við að láta á reyna. Viti menn þetta var minnsta mál og krökkunum leið betur og fylltust sjálfstrausti í því að hafa eitthvað um þetta að segja. Má alltaf fara út? Það fór auðvitað eftir mannskap sem er kannski fíllinn í horninu en við gerðum hugarfarsbreytingu og gerðum allt til þess að láta þetta ganga upp. Til þess að kortleggja útiveruna en betur vorum við með skráningar varðandi börnin þ.e.a.s. skjal um hvað þau eru að velja? Fyrir hádegi / Eftir hádegi. Með þessu gátum við séð ákveðið mynstur þá sérstaklega þau börn sem völdu sjaldan sem aldrei að fara út. Staðan er samt sú að það eru alltaf sömu börnin sem velja það að vera inni. Hvað er þá til ráða? Við áttuðum okkur á því að með því að taka dót, liti og tónlist út þá voru þau börnin sem voru ekki eins viljug að fara út mun viljugri.

Síðasta breytingin á þessu skólaári er sú að tvö börn af deildinni sitja í Réttindaráði Unicef og hefur það gengið mjög vel. Þau fengu t.d. að velja hvaða dót ætti að kaupa fyrir leikskólann frá Foreldrafélaginu. Kennararnir ákváðu að velja í ráðið og við þössuðum okkur á því að hafa eina stelpu og einn strák. Hvort að það hafi verið rétt eða ekki? Það er svo önnur spurning en við tókum þessa ákvörðun því einhversstaðar urðum við byrja. Spurning hvort að það mætti breyta kosningu barna í ráðið og gera hana **lýðræðislegri**. Í stað þess að kennrarar velji börn í ráðið væri hægt að hafa kosningu að hausti og leyfa þeim sem hafa áhuga á að bjóða sig fram. Kosningin væri myndræn og hvert barn á deildinni myndi setja atkvæði við myndina hjá frambjóðendum. Síðan væri hægt að endurtaka leikinn og hleypa nýju blóði að ef þetta er að vekja mikla lukku? Við erum jafnframt ekki að ýta börnunum út í framboð ef þau hafa engan áhuga svo að það sé alveg skýrt.

**Regnbogavottunin:** Í upphafi skólaárs settum við okkur það markmið að skipuleggja Regnbogavikuna enn betur en hafði verið árinu á undan. Starfsmaður frá leikskólanum sat í skipulagshóp ásamt fulltrúum frá Hofi og Laugalækjaskóla og kom með góðar hugmyndir inn í umræðuna. Við héldum svo regnbogaviku í samstarfi við Laugalækjaskóla með Gleðigöngu sem var haldin innan hverfis. Okkur fannst regnbogavikan takast vel okkar megin og var vel undirbúin hugmyndir að starfi tengdu henni, t.d. að búa til regnbogakókoskúlur, vinabönd. Við ætluðum einnig að teikna með fatalitum á hvítá boli fyrir gönguna. Það sem við þurfum að gera betur á næsta skólaári er að auka við fjölbreytileika





hvað myndir varðar og allskonar fyrirmyn dir til þess að hrista upp í staðalímyndum, þetta á líka við um fjölskyldumynstur. Þau verða að átta sig á því að kjarnafjölskyldan er barn síns tíma og fjölskyldur í dag eru miklu fjölbreyttari og litríkari sem betur fer.

### Erasmuss + Leikverkefnið

Markmið okkar á Fagralæk í byrjun skólaárs var að börnin gætu skapað ævintýraheim og farið á vit ævintýranna og ímyndunaraflsins. Við lásum Perubókina kafla fyrir kafla fyrir börnin. Við fengum starfsmann á deildinni til að halda úti dagbók með skráningum yfir þær hugmyndir og umræður sem sköpuðust út frá bókinni. Ekki skemmdi fyrir að starfsmaður einn á deildinni er mjög listrænn og handlaginn og hannaði mjög flotta sjóræningjakistu. Það varð til þess að börnin hönnuðu sínar eigin grímur út frá sögunni.

Í byrjun skólaárs vorum við dugleg að lesa í bókinni og börnin sýndu sögunni áhuga en okkur fannst hún ekki skila sér vel inn í frjálsta leikinn eftir sögustundina. Við vorum með fastar vikulegar Perustundir og það var nú ýmist hvort að þau fóru í „peruleik“ eða ekki. Helstu hjálpartækin voru auðvitað grímurnar það kveikti heilmikið í börnunum enda varstu ákveðin persóna úr sögunni. Oftar en ekki fóru þau bara í sjálfsprottinn leik, að veiða með veiðistöngum varð mjög vinsæll leikur. Upplifun okkar af verkefninu var sú að hugmyndafræðin virkaði óskýr. Okkur finnst börnin ekki hafa tekið nein markviss gildi út úr sögunni eftir skólaárið. Kennararnir upplifa sig óörugga um tilgang verkefnis og myndu vilja sjá tímanum jafnvel varið í önnur verkefni sem leikskólinn er með í að þróa. Krakkarnir fengu að fara í hópum með einum sérkennara sem hélt utan um sögugerðarverkefni þ.e.a.s. börnin fengu að semja sínar eigin sögur út frá Perubókinni. Samstarfið milli deilda var ekki mikið í þessu verkefni en með tilkomu í Safamýrina þá eru möguleikarnir til samstarfs enn meiri vegna nálægðar á milli deilda og síðan hefur meira að segja verið hannað sér herbergi í salnum tengt verkefninu.

Varðandi næstu skref í verkefninu þá hefur það borið til tals að í byrjun næsta skólaárs verður börnunum skipt í hópa jafnvel þvert á deildir til að efla samstarfið enn meira. Best væri að sami kennari sæi um lestur og utan um hald á Perustundunum og að hann myndi halda úti dagbók með skráningum með því gæti annar kennari gengið inn í verkefnið ef hinn forfallast. Það mun eflaust verða börnunum til tekna þegar þau fara inn í næsta skólaár (2019 & 2020 árg.) að þau séu bæði komin með reynslu af verkefninu. Spurning hvort hægt sé að hafa hópaskiptinguna þvert á deildir? Framtíðarsýnin væri svo að geta framkvæmt þetta eins og frændur okkar í Svíþjóð og hafa bókina sem þráð í öllu starfinu eins og að fara með hana út, nota perur í myndlist jafnvel peru þrykk í





rauninni allt sem okkur dettur í hug. Með öðrum orðum við munum leggjast yfir hana og kryfja Peruna enn dýpra í þeim tilgangi að hún sé þráður í starfinu.

## Umbótaráætlun

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

Deild/aldur barna	Fagrilækur 5 – 6 ára börn
<b>Hvernig notar deildin tengslareikninginn?</b>	Við höfum notað hann mikið mjög markvisst með einu barni. Í haust stefnum við að því að nota reikninginn markvissara í tengslum við öll börn.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Jákvæðum samskiptum á deildinni gegnum gangandi. Börn og starfsfólk tali við hvert annað af virðingu.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Brýna fyrir öllum: Hvað eru góð/jákvæð samskipti. Hafa það sem þráð í starfinu öllum stundum.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Byrjað á nýju skólaári (sept.) síðan metið um áramótin. Síðan aftur að vori.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deildarfundir notaðir til að fara yfir stöðuna þ.e.a.s. Rýnt í samskiptin. Hvernig eru samskiptin á deildinni? Taka þúlsinn á börnunum. Hvað eru góð samskipti? Þá er hægt að meta hvað var sagt að hausti? Hvað segja þau nú?
<b>Viðmið um árangur.</b>	Þegar að við sjáum jákvæð/góð samskipti gegnum gangandi á deildinni.

**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Fagrilækur 5 – 6 ára börn
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	Safna börnunum saman og kanna hjá þeim: Hvað eru jákvæð/góð samskipti.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að börnin eigi jákvæð/góð samskipti við hvert annað.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Leggja inn félagsfærnisögur og fleira.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Byrjað að hausti og síðan aftur um áramótin síðan aftur um vorið.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Fylgjast m. samskipti inni á deild, í leik í kubbastundum og fleira. Nýta deildarfundi í umræður og ígrunda um samskipti barnanna.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Þegar að við sjáum börnin eiga góð/jákvæð samskipti við hvert annað þá er markmiðinu náð.



## 8 Innra mat Undralækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

**Unicef:** Í upphafi skólaárs lögðum við upp með á Undralæk að efla raddir barnanna með því að koma hugmyndakassanum vel af stað á deildinni og gekk það eftir. Börnin hafa verið mjög dugleg að koma með fjölbreyttar hugmyndir í kassann í vetur og við náð að framkvæma margar af þeim. Datt niður í kringum flutningana í Safamýrina og þarf að koma aftur af stað. Okkur myndi þó langa til þess að koma börnunum betur í skilning um það að þetta þurfa ekki endilega að vera hugmyndir um þemadaga heldur mega þetta líka vera hugmyndir að leikjum, spilum, ferðum eða bara hverju sem er sem þau langar til að gera í leikskólanum eða breyta. Það gat stundum verið erfitt að koma öllum hugmyndum í framkvæmd þar sem þær byggðust á að hafa sérstakan þemadag sem var kannski erfitt að koma inn í dagskrána.

Við byrjuðum einnig að nota matarmiða þar sem börnin merkja hvort þau borðuðu mjög vel, vel eða lítið og gekk það afar vel og voru börnin fljót að venjast því að meta hvernig þau borðuðu í hádeginu. Datt niður í kringum flutninga og þarf því aðeins að minna þau á núna.

Útiveran var annar áherslupunktur þessa skólaárs og var markmið okkar á Undralæk að gera hana markvissari, hafa góða útkennslu og halda góðar skráningar yfir ferðir. Það gekk upp, kennrar voru duglegir að finna upp á fjölbreyttum leikjum og viðfangsefnum í útiveru og fengu börnin oft til að vinna verkefni tengt ferðunum, s.s. ýmis konar myndlist. Við ætluðum einnig að fara reglulega í gönguferðir í nærumhverfi (1x í viku) enda fannst okkur stærsta tækifærið til að efla útiveruna vera í nærumhverfinu okkar í Laugardalnum. Náðum því markmiði ekki eins vel og við vildum. Fórum í gönguferðir en ekki nógu reglulega og í desember, janúar og febrúar var t.d. mjög lítið um ferðir. Helsta breytingin á sjálfrí útiverunni er sú að hún er orðin valfrjáls hjá börnunum. Höfum reynt að koma því við sem oftast en suma daga hefur það einfaldlega ekki gengið upp og við þá útskýrt fyrir börnunum af hverju. Stundum höfum við getað leyst málin með því að leyfa barni að vera inni/úti og þá í umsjón kennara á öðrum deildum. Okkur finnst þessi frjálsa útivera ganga misvel. Staðan er samt sú að það eru alltaf sömu börnin sem velja það að vera inni. Við höfum reynt að grípa boltann og gera útiveruna áhugaverðari fyrir þau börn með ýmsum leiðum, t.d. með því að taka dót, liti og tónlist út. En okkar upplifun er samt sú að um leið og þessi börn eru komin út njóta þau sín í botn í ýmsum fjölbreyttum leikjum og það virðist því oft vera að val þeirra um inniveru byggist á því að þau vilja helst teikna og lita og vera í rólegheitum en ekki fara í hreyfanleikann sem fylgir því að vera úti. Sama staða eftir að við fluttum í Safamýri með öðruvísi leiksvæði; það eru sömu börnin sem velja inniveru. Langflestir velja þó að fara út a.m.k. einu sinni á dag og sumir oftar og við reynum að koma til móts





við óskir barnanna um lengd útiveru. Við höfum líka tekið spjallið við hópinn af hverju það er mikilvægt að fara út og anda að sér ferska loftinu og pössum vel upp á það að þessi börn sem velja oftast inniveru séu ekki inni marga daga í röð

Síðasta breytingin á þessu skólaári er sú að tvö börn af deildinni sitja í Réttindaráði Unicef og hefur það gengið mjög vel. Þau völdu t.d. hvaða dót ætti að kaupa fyrir leikskólann fyrir peninginn frá Foreldrafélaginu. Spurning hvort að það mætti breyta kosningu barna í ráðið og gera hana **lýðræðislegri**. Í stað þess að kennrarar velji börn í ráðið og séu þá að velja þau börn sem hafa sig hvað mest fram í væri hægt að hafa kosningu að hausti og leyfa þeim sem hafa áhuga á að bjóða sig fram. Svo væri t.d. hægt að velja úr þeim börnum með því að draga.

**Regnbogavottunin:** Í upphafi skólaárs settum við okkur það markmið að skipuleggja Regnbogavikuna enn betur en hafði verið árinu á undan. Einn starfsmaður á deildinni sat í skipulagshóp ásamt fulltrúum frá Hofi og Laugalækjaskóla og kom með góðar hugmyndir inn í umræðuna.

Við höfum verið dugleg að grípa í bókina Allir eru með rass í veturn og taka fyrir umræður um hvernig við erum öll mismunandi á margan hátt, bæði tengt útliti, kynþætti, kyni og t.d. fatavali. Þessar umræður höfum við reynt að tengja við 2.gr Barnasáttmálans um að öll börn séu jöfn. Við lásum líka bókina Ég er Jazz sem fjallar um trans barn og ræddum um hana og spunnust í kjölfarið fallegar umræður um þessi mál. Við héldum svo regnbogaviku í samstarfi við Laugalækjaskóla með Gleðigöngu sem var haldin innan hverfis. Ýmis skemmtileg regnbogatengd verkefni unnin í þeirri viku. Gekk í grunninn vel. Okkur fannst regnbogavikan takast vel og var vel undirbúin. Bæði fengu börnin góða fræðslu um af hverju við værum að halda regnbogaviku og skilja af hverju fjölbreytileiki mannlífs er tengdur regnboganum en einnig var starfsfólk á deild mjög duglegt við að koma með hugmyndir að starfi tengdu henni, t.d. að búa til regnbogakókoskúlur, vinabönd og teikna með fatalitum á hvíta boli fyrir gönguna. Það sem við þurfum að gera betur á næsta skólaári er að auka við fjölda mynda inn á deild sem sýna fjölbreytileika mannlífs og allskonar fyrirmyn dir til þess að hrísta upp í staðalímyndum. Við viljum halda áfram að fræða börnin reglulega um fjölbreytileikann og útskýra fyrir þeim af hverju við viljum fagna honum.

### Erasmuss + Leikverkefnið

Markmið okkar á Undralæk í byrjun skólaárs var að börnin gætu skapað ævintýraheim og fundið hvernig þau ná að skapa allt milli himins og jarðar með því að nota ímyndunaraflíð. Að lesa bókina hægt og rólega fyrir börnin. Halda svo úti skráningum yfir þær hugmyndir og umræður sem skapast út frá bókinni. Leiðbeina börnunum í þeirri sköpun sem verður til út frá hugmyndum þeirra og leika





aktívt með þeim í þeim leik sem verður til út frá sögunni á þeirra forsendum. Og síðast en ekki síst að halda aftur af sér að koma ekki með fyrir fram lausnir og hugmyndir fyrir börnin.

Í byrjun skólaárs vorum við dugleg að lesa bókina og börnin sýndu sögunni áhuga en okkur fannst hún ekki skila sér vel inn í frjálsa leikinn eftir sögustundina. Við vorum með fastar vikulegar Perustundir og skiptum hópnum í tvennt en okkur fannst ekki takast vel að halda þær reglulega vegna óstöðugleika í starfsmannamálum innan deildar. Þegar við vorum búin að lesa bókina einu sinni yfir ákváðum við svo að lesa hana aftur yfir og hægar. Börnin höfðu mjög gaman að sjálfri sögunni en fóru svo alls ekkert alltaf í leik tengdum henni beint á eftir. Upplifun okkar af verkefninu eftir árið er sú að það er svolítið stefnulaust. Okkur finnst börnin ekki hafa tekið nein markviss gildi út úr sögunni eftir skólaárið. Og kennrar upplifa sig óvissa um hvert markmið og tilgangur þessa verkefnis er umfram önnur verkefni sem leikskólinn leggur áherslu á. Okkar upplifun eftir veturninn er sú að það var erfitt að koma Perustundum inn í skipulagt starf með öllum þeim verkefnum sem við vildum einnig leggja áherslu á; kubbastundir, gönguferðir, skapandi starf tengt útiveru o.fl. Það sem gekk mjög vel og var mjög vel heppnað var verkefni sem sérkennsla fór í með elstu börnum tengt Perunni en þau voru fengin til að semja sínar eigin sögur út frá henni. Samstarfið milli deilda var ekki mikið tengt Perunni en verður vonandi betra í Safamýri enda meiri möguleikar til samstarfs, meiri nálægð og betra flæði milli deilda.

Næstu skref í verkefninu verða þau að í byrjun næsta skólaárs verður börnunum skipt í hópa og sagan lesin aftur alveg frá byrjun, hægt og rólega og ekki meir en 2-3 bls. í einu. Sennilega best að það sé ekki alltaf sami kennari sem sjái um lestur og Perustundir, þetta er verkefni sem allir þurfa að geta gengið inn í sem treysta sér til að lesa á íslensku ef fólk forfallast. Spurning hvort hægt sé að hafa hópaskiptinguna þvert á deildir? Markmiðið er svo að skapa Perusvæði á sviðinu í salnum og geta þá börnin fengið frjálsar hendur á því svæði til sköpunar sem hægt er að láta standa áfram. Það væri frábært ef hægt væri að taka sköpunina út og t.d. á meðan veður leyfir að hafa smíði í garðinum þar sem Peruheimurinn yrði í aðalhlutverki. Það væri einnig frábært ef hægt væri að taka einhvern boðskap út úr sögunni og kynna hann fyrir krökkunum.

## Umbótaráætlun

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

Deild/aldur barna	Undralækur 5-6 ára börn.
Hvernig notar deildin tengslareikninginn?	Höfum unnið markvisst að því að styrkja tengsl á milli kennara og þeirra barna þar sem samskiptin hafa verið hnökrótt með jákvæðri styrkingu og gæðastundum. Skrifaað





	<p>niður þau jákvæðu samskipti sem við ætlum að gefa barninu bann daginn og hvernig það tókst.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Við höfum lagt mikla áherslu á að reyna að gefa okkur að hverju barni og gefa jákvæða endurgjöf og hrós.</li> <li>- Við höfum tekið fyrir mál þeirra barna á deildarfundum sem þurfa aðstoð með ýmis mál og verið meðvituð um að styðja þau og hvetja.</li> <li>- Við hlustum á hugmyndir barnanna og hvetjum þau til að nota hugmyndakassann og reynum að hrinda sem flestu í framkvæmd. Og útskýrum fyrir þeim af hverju við getum ekki framkvæmt sumar hugmyndir.</li> </ul>
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Við stefnum að því að gefa hverju barni jákvæða endurgjöf og efla og styrkja jákvæð og vinaleg samskipti milli kennara og allra barna á deildinni í öllum kringumstæðum.</li> <li>-Vera meðvituð um þau börn sem falla á milli („hljóðlátu börnin“) að þau fái líka sína jákvæðu athygli.</li> <li>- Passa að undir engum kringumstæðum missi kennrarar stjórн á sér þegar þeir eru að takast á við erfiða hegðun barns og fari í það að skamma og æsa sig.</li> <li>-Leggja áherslu á það að kennrarar fái aðstoð og hafi „vaktaskipti“ ef þeir eru að tækla erfiða hegðun barns og finnst þeir ekki ráða við aðstæður, miklu frekar en að reiðast og missa stjórн.</li> <li>-Að kennrarar sýni alltaf ró og yfirvegun og passi að hækka ekki róminn mikið í daglegu starfi.</li> <li>-Halda áfram að vinna í litlum hópum því þannig næst betri tenging milli kennara og barnanna.</li> </ul>
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Leggja skýra áherslu á þessi markmið á fyrsta deildarfundi skólaárs í september. Passa að allir starfsmenn skilji og séu meðvitaðir um þau.</li> <li>-Hafa tengslareikninginn sýnilegan á deild og útskýra hann fyrir öllum starfsmönnum á deildarfundi.</li> <li>-Gera Vönduhring í upphafi vetrar og aftur eftir áramót til að sjá hvort eitthvað hafi breyst.</li> </ul>
<b>Ábyrgð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Deildarstjóri ber ábyrgð á að miðla verklagsreglum. Allir deildarstarfsmenn bera ábyrgð á að vanda sín samskipti og vinna skv. leiðbeiningum.</li> </ul>
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Hefst í byrjun annar þegar aðlögun er lokið</li> <li>-Lýkur í lok skólaárs í maí.</li> </ul>
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Gera Vönduhring í október og aftur í feb/mars</li> <li>-Með samræðum og samanburði á reglulegum deildarfundum.</li> <li>-Hægt að taka viðtal við börnin eftir áramót. Spryja þau hvernig þeim finnist samskipti við kennara vera.</li> </ul>
<b>Viðmið um árangur.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Sjá hvort Vönduhringur hefur tekið jákvæðum breytingum.</li> <li>-Viðtal við börnin skoðað og skoðað hvort upplifun þeirra sé jákvæð eða neikvæð.</li> </ul>





**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Undralækur 5 - 6 ára
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	<p>Börnin eru stöðugt hvött til að nota falleg orð, vera vinaleg hvort við annað, hjálpsöm og leysa vandamál með orðum ekki höndum. Þessu tvinnum við saman við umhverfissáttmála Laugasólar að hafa heiminn fallegan. <i>Við þurfum ekki öll að vera bestu vinir en allir þurfa að vera vinalegir.</i></p> <p>-Ef kennari verður vitni að neikvæðri orðræðu eða einhvers konar slæmum samskiptum milli barna þá þarf að skipta sér af því og minna börnin á. Muna, hvernig erum við vinaleg hvort við annað?</p> <p>-Börnin sífellt hvött til að lækka róminn ef þau eru farin að hækka sig og kennrarar leggja sig fram við að tala sjálfir í þýðum róm.</p>
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Stefnum að því að öll börn á deildinni læri að nota orðin sín til að leysa vandamál.</li> <li>-Að öll börn tali vinalega og fallega við hvort annað.</li> <li>-Að börnin læri að tala í lágu</li> <li>-Taka strax á því ef leikurinn fer út í slagsmála, byssu- eða ofbeldisleiki. Muna að þannig leiki viljum við ekki á leikskólanum.</li> </ul>
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Byrja strax í byrjun annar að leggja inn vinaleg samskipti í samveru. Hafa heiminn fallegan með því að koma vel fram við alla. Tengja við Regnbogavottun og líka umhverfissáttmála.</li> <li>-Velja bækur til að lesa með áherslu á vináttu og samskipti.</li> <li>-Útskýra fyrir börnunum mikilvægi þess að hækka ekki róminn inni.</li> </ul>
<b>Ábyrgð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Deildarstjóri ber ábyrgð á að miðla til starfsmanna og leggja línumnar. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að fylgjast með samskiptum innan barnahóps.</li> </ul>
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Hefst í upphafi annar eftir aðlögun í september og lýkur í lok skólaárs, maí.</li> </ul>
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Stöðugt mat á deildarfundum. Hvernig finnst okkur kennurum samskipti barnahópsins vera? Finnum við breytingu eftir því sem líður á veturninn? Jákvæða eða neikvæða?</li> <li>-Hægt að taka viðtal við börnin eftir áramót og spryja þau hvernig þeim líði á deildinni, hvort allir séu vinalegir og góðir við alla.</li> </ul>
<b>Viðmið um árangur.</b>	<p>Árangur felst í því hvernig við upplifum menninguna á deildinni og hvernig okkur finnst hljóðvistin vera almennt.</p> <p>-Lesa yfir viðtölin við börnin og skoða hvernig upplifun þeirra er.</p>



## 9 Innra mat Ljúfilækur 2023-2024

### Unicef og Regnbogavottun

Staðan í Unicef verkefninu er mjög góð. Við fyrsta mat í lok ágúst 2023 vorum við allar nýjar á deildinni og þær af tvær nýjar í vinnu hér. Þær vildu kynna sér efnið betur og við barnahópnum svo við gætum sett markmið. Við fórum strax af stað með hugmyndakassann, þær sem börnin geta sett hugmyndir um hvað þau vilja gera í leikskólanum. Við hengdum upp Unicef trú þær sem börnin hengdu upp hugmyndir sínar þegar við höfðum lesið þær. Síðan var valin ein hugmynd af trúnu. Þegar líða tók á veturninn fórum við að taka nokkrar hugmyndir og kjósa um þær og meirihlutinn réð líkt og er í lýðræðisríkjum.

Í allan veturn höfum við barnasáttmálasamverustund á mánudögum þær sem tekin er ein eða fleiri greinar fyrir og rætt um þær og tengdar við ákveðin málefni eða verkefni.

Í mati í febrúar kom í ljós að við höfðum ekki kynnt sáttmálann eða hvað við erum að gera nægilega vel fyrir foreldrum (tengist 5.grein sáttmálans að fjölskyldur bera ábyrgð á að kynna börnum réttindi sín) og í framhaldi af því sendum við bækling heim og hengjum alltaf upp þær greinar sem við erum að taka fyrir.

Við sáum líka að við mættum taka okkur á að ræða um fatlaða (23.grein) og í tengslum við þurfum við að ræða betur um allskonar fólk. Þá erum við komin að Regnbogavottuninni sem við vorum ekki að standa okkur nógu vel. Við ákváðum að við þyrftum að gera það sýnilegra eins og með myndum á veggjum og lesa bækur til að skapa umræður og öðlast betri þekkingu á að við erum öll einstök og allir eiga sama rétt. Út frá þessu kom upp umræða að við þyrftum meira lesefni fyrir börnin. Við höfum reynt að bæta okkur en megum örugglega gera betur.

Í dag hafa börnin þekkingu á að þau hafa réttindi og það er hlustað á þau og þeirra hugmyndir. Sem dæmi má nefna að þegar við byrjuðum undirbúning fyrir flutninga í Safamýri fannst börnunum sjálfsagt að fá fund með stjórnendum til að koma með tillögur um hvað ætti að taka með í nýja skólann.

### Erasmuss + Leikverkefnið

Erasmuss verkefnið hefur gengið vel en við vorum svo heppin að verkefnastjóri verkefnisins er að vinna inn á Ljúfalæk. Skráningar ganga mjög vel enda var mikilvægt fyrir Candace að hafa góðar skráningar til að geta miðlað til annarra og metið verkefnið. Börnunum hefur þótt þetta skemmtilegt verkefni og fannst mjög gaman að fara inn í peruherbergið en leikurinn barst ekki mikið inn á deild. Við hefðum mátt gera verkefnið enn sýnilegra, þótt við værum með myndir úr bókinni upp á vegg hefði verið fínt að setja upp myndir af börnunum í leiknum. Nú erum við á nýjum stað og áhugavert að byrja aftur í haust og sjá hvernig muni ganga, sérstaklega þær sem börnin eru að byrja annan veturninn í verkefninu.





## Umbótaráætlun

**Matsþáttur:** Samskipti milli barna og starfsfólks.

Deild/aldur barna	Ljúfilækur 5 – 6 ára börn
<b>Hvernig notar deildin tengslareikninginn?</b>	Við höfum ekki notað hann markvisst en held við séum að gefa öllum börnum eitthvað inn á tengslareikninginn eins og með því að hlusta á þau, hrósa og gefa knús
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Við ætlum að fara betur yfir efnið sem við fengum sl. haust og tileinka okkur skráningar og vinna markvisst með það
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Nota skráningarblöð
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og annað starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024 (byrja á 6-8 vikum og þá endurmesta og halda áfram og meta reglulega yfir veturinn)
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Rætt á deildarfundum, nota Vönduhringinn, skráningarblöð tengslareikningsins
<b>Viðmið um árangur.</b>	Jákvæð, nán og góð samskipti á deildinni.

**Matsþáttur:** Samskipti barnahópsins

Deild/aldur barna	Ljúfilækur 5 – 6 ára börn
<b>Hvernig er unnið með samskipti barnanna?</b>	Við hvetjum þau til að tala saman og finna leiðir hvort sem það er að leysa vanda eða biðja um eitthvað
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Samræma leiðir, bæta enn samskipti svo börnin geti leyst málín sjálf. Mikilvægt að allir leikskólinn samræmi leiðir
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 24 (byrja á 6-8 vikum og þá endurmesta)





Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarfundir, Vönduhringur
Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur.	Samheldin barnahópur og jákvæð samskipti.

## 10 Einingakubbasögur úr Laugasól veturinn '23 - '24

Í vetur hafa börnin í Laugasól gefið okkur innsýn í reynsluheim sinn í leik með einingakubbana. Þau deila reynslu sinni með félögum sínum og læra þannig af hvert öðru en margir telja einingakubbana eitt besta námsefni fyrir börn þegar kemur að sjálfsnámi. Við kennrar ættum því að gefa börnum ríkuleg tækifæri til að spreyta sig með þá, því reynsla þeirra er ekkert minna raunveruleg en reynslan sem þau eiga eftir að afla sér síðar (Úr The Block Book).

Í upphafi byggingaleiks barna eru þau að glíma við rúmfræðilegt samband á milli kubbanna:

- Nálægð (næst við, við hlið, ofan á).
  - Raðir og regla.
  - Um girt svæði (inn í og fyrir utan).
  - Samfella (yfirborð er samfellt).
  - Umfang (þrívidd; kubbar komnir ofan á aðra kubba, undir og í kringum).
- (Úr The Block Book).

Þetta eru þeir þættir sem börnin hafa verið upptekin af í vetur en einnig hafa þau æft sig í góðri hegðun og umgengni. Við höfum verið að telja saman kubbana sem þau nota t.d. í turna og háa stafla sem þau byggja og þegar við flokkum í stafla í frágangi. Börnin eru auðvitað misjafnlega tilbúin í það og áhuginn er breytilegur og hún er oft hárfín þessi lína á milli þess að hvetja börn og pressa á þau og ekki alltaf augljóst hvaða ákvarðanir er best að taka í þeim efnum.

Yngstu börnin eru á fyrstu tveim stigum þróunar í byggingaleik. Þau hafa verið að gera sínar fyrstu tilraunir, oft með fáa kubba, bera þá um, jafnvel raða þeim inni í hillunum og einnig hafa þau verið að búa til lágréttar og lóðréttar raðir á gólfini. Eldri börnin og þau reynslumeiri hafa bætt við sig þriðja og fjórða stiginu þar sem þau eru að brúa á milli tveggja kubba og umkringja svæði en þessi stig eru talin með fyrstu tæknilegu „byggingavandamálunum“ sem þau glíma við og gaman er að fylgjast með. Með hækkandi aldri barnanna fer viðbótarefni, eins og tréfígúrur og litlir litaðir tenigar, að skipta meira máli til þess að hlutverkaleikurinn fái að blómstra og sá efniviður hefur notið mikilla vinsælda í vetur.





Síðastliðin vetur hefur þó verið frábrugðin þeim fyrri vegna þess að nú var 2020 árganginum af Draumalæk og Sunnulæk boðið í kubbaleik í Vinalæk, sem fól í sér svolítið ævintýri og ferðalag. Einu sinni í viku röltum við út úr húsi og upp í Vinalæk þar sem búið var að útbúa hið fínasta námsuhverfi með mikið gólfpláss, gnægð af kubbum og fleiri form en börnin höfðu áður leikið sér með. Sem þýðir að þeim var boðið upp á meira krefjandi áskoranir en áður. Auk viðbótarefnis sem þau þekktu; trúfingúrur og litlir litaðir tenigar, fengu börnin aðgang að verðlausum efniviði, svo sem korktöppum, áltöppum, pappírslokum og öðrum pappírsumbúðum. Þau voru komin á fimmta stig í þróun byggingaleiks en þá koma við sögu mynstur, samhverfa og jafnvægi í auknum mæli og þannig skapa börnin vandaða og útfærða hönnun í byggingum sínum. Þetta varð til þess að auðga mjög hlutverkaleik barnanna. Það sýndi sig frá fyrsta degi að börnin voru mjög tilbúin að takast á við flóknari aðstæður og krefjandi námsuhverfi sem afar gaman hefur verið að fylgjast með.

## 11 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<b>Skipulagning sérkennslu</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	<b>Sérkennslustjóri</b> Laugasólar skólaárið 2023 til 2024 var Anna Birna Rafnsdóttir í 0,82% stöðugildi. Eglo J. Guðjónsdóttir var í fæðingarorlofi þangað til í apríl 2024 og kom þá til starfa sem sérkennslustjóri í 100% starf. Breytingar voru á <b>úthlutunarreglum</b> sérkennslunnar í janúar 2024. Breyta þurfti þá skipulagi sérkennslu út frá því að breytingar urðu á úthlutuðum tínum barnanna. <b>Deildarumsjón sérkennslustjóra</b> felur í sér ráðgjöf til allra starfsmanna á deildum, að aðstoða deildarstjóra við skipulagningu starfsins, stuðningur við deildarstjóra á fundum með foreldrum, sækja um viðeigandi þjónustu frá Norðurmiðstöð og sjá til þess að þeirri ráðgjöf sé fylgt eftir. <b>Menntun án aðgreiningar</b> er alltaf hornsteinninn í okkar starfi og er unnið með náttúrulega kennslu í flestum aðstæðum. Þó er einstaklingsþjálfun einnig partur af okkar starfi og hefur það sýnt fram á bættan árangur nemenda með þroska frávik þar sem þau börn yfirfæra kunnáttuna í daglegt líf. <b>Vinna með börnum með einhverfu greiningar og börnum með mikil þroska frávik</b> felur í sér starfsþjálfun sérkennara, gerð
---	---





	<p>einstaklingsáætlana og markmiða, gerð Vinnumöppu og eftirfylgni með því, að fylgjast með þjálfun og leiðbeina sérkennurum í þjálfun og fundir með teymi barns.</p> <p><b>Í einstaklingskennslu</b> vinnum við eftir aðferðum atferlisgreiningar og notum viðeigandi skráningarfórm. Á þeim skráningum kemur fram dagsetning hvenær ný færni er kynnt og hvenær hún er lærð.</p> <p><b>Hegðunaríhlutanir</b> fela í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna og gerð áætlana sem allir starfsmenn á deild eiga að fylgja og að funda með foreldrum og deildarstjórum til að unnið sé að sömu markmiðum. Samskipti við hegðunarráðgjafa og eftirfylgd með þeirri vinnu sem ráðgjafinn setur af stað.</p> <p><b>Málörvun</b> felur í sér ráðgjöf til deildarstarfsmanna og umsjón með málörvunarkössum með leiðbeiningum fyrir yngstu deildarnar sem allir starfsmenn geta notað. Deildarstarfsmenn fengu fyrirlestur um markvissa málörvun og í kjölfarið verkfæri sem hægt var að nota í daglega starfinu. Umsjón með myndum og kippum sem unnið er frá efninu Orðaleikur (<a href="https://ordaleikur.msha.is/is">https://ordaleikur.msha.is/is</a>) fyrir allar deildar. Starfsfólk sérkennslu hefur verið með málörvunarhópa á öllum deildum leikskólans þennan veturn.</p> <p><b>Félagsfærniþjálfun</b> felur í sér starfsþjálfun sérkennara, að setja upp markmið þjálfunar sem helst er framkvæmd í litum hópi inni á deild, að huga að hvar barni skortir færni og unnið með það, að nota sérstakt skráningarblað. Starfsfólk sérkennslu hefur verið með félagsfærnihópa á öllum deildum leikskólans þennan veturn.</p> <p><b>Skráningarnar</b> sem notast er við eru: AHA skráningar, VB-Mapp og gátlistar sem eru unnir upp úr TRAS, EFI-2, AEPS færnimatslista og hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn á leikskóla.</p> <p>Gerð var <b>einstaklingsnámskrá</b> fyrir hvert barn sem er með úthlutaða stuðningstíma og vinnu í</p>
--	---





	kringum sig. Einstaklingsnámskrár eru gerðar út frá VB-MAPP lista og AEPS færnimatslista.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	<p><b>HLJÓM-2</b> er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans.</p> <p><b>TRAS</b> er lagt fyrir öll börn á aldrinum 2-5 ára.</p> <p><b>AEPS</b> matslisti er notaður til að finna grunnlinu þroska einstakra barna og einstaklingaáætlun unnin út frá niðurstöðum.</p> <p><b>VB-Mapp og Behavioral Intervention for Young Children with Autism</b> eru matslistar til að skoða grunnlinu þroska barna og hafðir til hliðsjónar í gerð einstaklingsáætlana fyrir börn í atferlisþjálfun.</p> <p><b>Íslenski þroska listinn</b> er matsliti sem forráðamaður fyllir út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 3-6 ára.</p> <p><b>Smábarnalistinn er þroska listi</b> sem forráðamaður fyllir út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 15-38 mánaða.</p> <p><b>Orðaskil</b> er notað til að finna grunnlinu orðaforða hjá einstökum börnum og í framhaldinu sem leiðarvísir í innlög á orðaforða.</p> <p><b>EFI-2</b> til að skima málskilning og móltjáningu allra barna á fjórða ári.</p> <p><b>Hæfnirammar</b> í íslensku fyrir fjölyngd börn á leikskóla eru notaðir til að fylgjast með stöðu og framförum fjölyngdra barna á leikskólanum.</p>
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d. notað aðkeypt námsgögn?	Til að efla málþroska yngstu barnanna voru spil, loð töflur, dýr, sögur, kubbar, slæður, púsl og fleira í <b>málörvunarkössum og töskum</b> . Leiðbeiningar fylgja, hvernig er hægt að nýta efniviðinn í mismunandi málörvun.





	<p>Myndir og kippur með myndum sem unnið er úr efninu <b>Orðaleikur</b>(<a href="https://ordaleikur.msha.is/is">https://ordaleikur.msha.is/is</a>) var útbúið fyrir allar deildar, tvær kippur af hverjum orðaflokkji fyrir hverja deild. Flokkarnir eru til dæmis: Athafnir, Dagskipulag, Dýr, Form, Farartæki, Föt, Dýr, Heilsa, Litir, Matur, Tilfinningar, Veður og margt fleira. Einnig voru útbúin spil og leikir úr þessu efni.</p> <p>Notuð voru fjölbreytt <b>spil</b> og <b>sögur</b>. Jafnframt var notað efni af vefnum fjölbreyttkennsla.is og gagnabanki vegna Hljóm prófsins. Auk þess eru til Litla Sól og Sól bækurnar.</p> <p>Til að efla <b>félags- og tilfinninga þroska</b> nýttum við efni frá hegðunarráðgjöfum frá þjónustumiðstöð, útbjuggum hegðunaríhlutani fyrir einstaka börn og markmið. Við fengum fyrirlestur frá hegðunarráðgjafa um <b>Tengslareikninginn</b> og ýmsu tengdu tilfinningum barna og kennara og tengslin þeirra á milli. Unnið var með skráningar og efni tengt þessu í veturnar þar sem þurfti. Við viljum nýta þetta enn betur næsta veturnar og vinna dýpra með það.</p>
--	---

## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

### Deild/aldur barna

<b>Heildarsýn á samverur.</b>	Leiðbeina deildum með samverur og málörvun almennt inni á deild.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	<p>Vel merktir pokar með efni í samverur eru aðgengilegir á almennum stað á leikskólanum.</p> <p>Að starfsfólk sé með góðan ramma fyrir samverur sem allir geta farið eftir. Sjónrænt skipulag fyrir samverur.</p> <p>Að til sé rammi um skipulag samverustunda og framkvæmd. Samræmi sé á milli deilda hvernig staðið er að samverum.</p>
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Sérkennslan setur upp á vegg poka með efni í samverur sem er auðvelt fyrir alla að grípa í og er aðgengilegt.





	Sérkennslustjórar útbúa ramma og leiðbeiningar fyrr starfsfólk og sjónrænt skipulag til að nýta í samverustundum.  Sérkennslustjórar setja upp ramma og hugmyndir að skipulagi á skjal sem deild fær til stuðnings.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar og starfsfólk sérkennslunnar.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2024. Kynnt á starfsdegi haustið 2024.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Taka stöðuna reglulega á deildarstjórafundum.  Könnun til starfsfólks á öllum deildum hvernig þetta nýtist og hvort fólk nái að nýta sér efnið.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Að samverur séu reglulegar og samræmi sé á milli deilda með það. Að skipulag samvera sé gott og nýtist börnunum. Að börnin njóti sýn í samverum, hafi áhuga á viðfangsefnum og geti sagt sýna skoðun.

Deild/aldur barna	
<b>Samskiptasáttmáli</b>	Hegðunarstefna og Samskiptasáttmáli.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að til sé Hegðunarstefna og Samskiptasáttmáli á leikskólanum.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Sérkennslustjórar útbúa Hegðunarstefnu og kynna fyrir öllum deildum á deildarfundum. Þetta tengist Samskiptasáttmála sem leikskólinn mun innleiða þetta skólaár.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Vinnan hefst í september 2024 og verður í gangi skólaárið 2024-2025. Í janúar 2025 verður tilbúinn Hegðunarstefna á rafrænu formi og plaggat til að setja upp á vegg með punktum úr stefnunni. Þetta þarf að vera aðgengilegt og sýnilegt fyrir bæði starfsfólk og forráðamenn.





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Rýnhópur sem hittist reglulega og metur hvernig gengur að innleiða Hegðunarstefnu og Samskiptasáttmála. Lítill könnun sem hópurinn fer yfir í byrjun hvers fundar.
<b>Viðmið um árangur.</b>	Að Hegðunarstefnan og Samskiptasáttmálinn sé nýttur í starfið dags daglega. Þetta er athugað í rýnihóp og á deildarfundum með spurningum, hvort að fólk er að nýta sér þessi verkfæri dags daglega og hvernig.

Deild/aldur barna	
<b>Innleiðing á Tengslareikning</b>	Vinna með Tengslareikninginn og verkfæri tengd honum.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að verkfæri tengslareikningsins séu nýtt á hverri deild.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Sérkennslustjórar koma inn á deildarfund hjá hverri deild og kynna hvernig hægt er að nýta sér verkfærin í daglegu starfi.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Sérkennslustjórar byrja þessa markvissu vinnu í janúar 2025. Þá eru deildarstjórar búnir að kortleggja barnahópinn, starfsmannahópinn og samskiptin á deildinni og átta sig á hvað þarf að einblína á og geta nýtt sér verkfærin á markvissan hátt.
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Rætt á deildarstjórafundi tvisvar á önninni hvernig þetta nýtist og hvað væri hægt að gera betur, sérkennslustjórar halda utan um umræður og framkvæma breytingar ef þess þarf.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Spurningar til deildarstjóra á deildarstjórafundum þar sem kannað er hversu vel þetta nýtist og hvernig þetta hafi verið notað af starfsfólki deilda.





## 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þáttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjölyngdra barna ráðstafað?	Í starfshlutfall sem sinnir þessum þætti.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með gefðu 10 þegar þörf þykir.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lögð er áhersla á orðaforða hjá öllum börnum leikskólans. Notaðar eru myndir og kippur með orðaflokkum úr Orðaleik, bæði í málörvunarstundum og dags daglega inni á deildum. Merkingar inni á deild og dagskipulag er með þessum myndum og orðum.
Er fylgst með framförum fjölyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlunar eða annað?	<i>Hæfnirammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla</i> eru hafðir til hliðsjónar. Markmið okkar fyrir næsta skólaár er að vinna markvissara með Hæfnirammana og gera einstaklingsáætlun fyrir hvert fjölyngt barn.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þáttöku barna? Þættir mál: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að þessum þáttum í daglegu starfi á öllum deildum. Það mætti vera meira markvisst, samræmt á milli deilda og útfært fyrir hvern aldur. Með þeim þáttum sem sérkennslan mun innleiða á næsta skólaári getur orðið meira skýrt og markvissari vinna með læsi á leikskólanum. Markviss vinna með samverur, málörvun og hæfniramma gefur tækifæri til að vinna dýpra með alla þessa þætti.





## Umbótaáætlun –fjöldyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
<b>Hæfnirammi í íslensku fyrir fjöldyngd börn.</b>	Að nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöldyngd börn í leikskóla á markvissari hátt og að útbúin sér einstaklingsáætlun fyrir hvert fjöldyngt barn út frá Hæfnirömmunum.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að fylla út Hæfniramma fyrir hvert og eitt fjöldyngt barn á leikskólanum og vinna einstaklingsáætlun út frá því.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Sérkennslustjórar útbúa form sem deildarstjórar fylla út fyrir hvert og eitt fjöldyngt barn á deildinni. Sérkennslustjórar og deildastjórar skoða útkomuna, vinna einstaklingsáætlanir og ákveða næstu skref. Ákveðið er hvenær á að endurskoða/endurmeta næst.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar og deildarstjórar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2024 verði byrjað að útbúa einstaklingsáætlun fyrir hvert fjöldyngt barn á leikskólanum og haldið við út skólaárið.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Sérkennslustjórar hafa yfirlit yfir hvaða börn þarf að gera þetta fyrir og á hvaða deildum þau eru og vinna það í samstarfi við deildarstjóra.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að til sé einstaklingsáætlun fyrir hvert og eitt fjöldyngt barn og hún endurskoðuð reglulega.





## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á vorönn. Boðað var í samtölin með minnst viku fyrirvara og fékk hver starfsmaður undirbúningsblað frá leikskólastjóra.

Á næsta skólaári mun leikskólastjóri taka snerpusamtöl tvívar á önn í tengslum við samskiptasáttmálann, uppbyggingu í starfsmannahópnum og bætt samskipti.

Á næsta ári munu deildarstjórar vinna með snerpu samtöl í starfsmannahóp sínum 2 á hvorri önn. Einnig mun Leikskólastjóri taka samtöl að hausti og vori. Þetta er breytt vinnulag til að efla starfsþróunarsamtöl og um leið starfsþróun okkar hér í Laugasól.

### Símenntun á síðasta ári.

#### Einstaka námskeið.

2 starfsmenn úr sérkennslu fóru á námskeiðið: Einhverfurófið – grunnnámskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningarmiðstöð.

3 starfsmenn fóru á námskeið um óæskilega kynhegðun barna á vegum Reykjavíkurborgar.

2 starfsmenn fóru á PMTO grunnmenntun námskeið á vegum Reykjavíkurborgar.

1 starfsmaður fór á forystunámskeið á vegum Reykjavíkurborgar.

#### Allir starfsmenn á starfsdögum og starfsfundum

Lilja Ýr hegðunarráðgjafi hjá Norðurmíðstöð - **Tengslareikningur og hegðunarvandi** – 22.ágúst.

Rannveig og Jóna Guðný – **leiklist sem kennsluaðferð** – 24. nóvember

Dr. Sara Margrét Ólafsdóttir dósent í leikskólafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Ísland – **fyrilestur um leik barna** á starfsmannafundi 17.jan. 2024 (erasmussverkefni)

Sigyn Blöndal, Hanna Borg Jónsdóttir og Gunnar Jarl Jónsson frá Unicef - **Barnasáttmálinn og réttindaskólar á leikskólastigi – innleiðing og fræðsla** – 21.febrúar.

Kristín Hildur Ólafsdóttir frá Skóla- og frístundarsviði – **námskeið um skráningar fyrir deildarstarfsmenn** – 12.apríl.





Sóley Kristjánsdóttir og Sigurborg frá mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar -  
**stjórnendanámskeið fyrir deildarstjóra og sérkennslustjóra – 12. Apríl.**

### **Starfsmenn í námi.**

Einn starfsmaður í leikskólakennarafræðum frá Háskólanum á Akureyri.

Einn starfsmaður í grunn námi í þroska sálfræði við Háskóla Íslands.

### **Erasmuss + verkefni – leikur**

Reflection dagur í heimsókn frá Svíþjóð í október – þar var fyrirlestur frá Eva Hallgreen (athuga nafnið) um leiklist og verkefni sem hún hefur unnið með skólunum út í Svíþjóð.

2 kennarar og leikskólastjórnendurnir fóru til Stokkhólms 15 – 21.apríl í tengslum við verkefnið.

## **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Það er mikið og gott samstarf milli skólastiganna í hverfinu. Það er samstarf yfir allan veturinn hjá elstu börnum leikskólans og Laugarnesskóla og heimsóknir í frístund. Börn úr Laugarnesskóla koma einnig í heimsókn í leikskólann.

Laugarlækjaskóli hefur verið í samstarfi með næst elsta árganginum (2019 árgangurinn þetta árið) í sögugerð. Þetta verkefni er afskaplega gefandi og skemmtilegt fyrir þau sem taka þátt.

Í Regnbogavikunni á vorinn er mikil samvinna milli skólana og mismunandi verkefni unnin fyrir gönguna hvert ár. Þeir skólar sem eru að taka þátt, Laugasól, Hof, Laugarnesskóli, Laugalækjaskóli og Laugasel, vinna þá saman alla vikuna og fara svo í gleðigöngu í lok hennar, í ár var það 17.maí. Þetta verkefni hefur farið vaxandi og er orðin ómissandi þáttur í skólasamfélaginu. Mikil gleði og ánægja með þetta samstarfsverkefni.

## **8 Foreldrasamvinna**

Foreldráð er starfandi á Laugasól og telur þrjá fulltrúa úr foreldrahópnum. Foreldraráð fer yfir starfsáætlunar og kemur að ákvörðunum varðandi sumarlokun leikskólans. Stjórnendur Laugasólar sitja fundi með foreldraráði.

Í stjórn foreldrafélagsins eru starfandi 3 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólastjóra funda/eða senda tölvupóst á milli nokkrum sinnum á skólaárinu.



Foreldrafélagið skipuleggur skemmtilegar og fræðandi uppákomur fyrir börnin og styður leikskólann veglega vegna kaupa á námsefni.

Hér langar okkur að leggja meiri alúð og vinnu í að efla samstarf við foreldra í skólanum. Það er áhugi á því sem við eru að gera og foreldrar alltaf tilbúnir að taka þátt eða aðstoða í daglegu starfi þegar óskað er eftir því. Við sem stjórnendur myndum vilja efla þetta en meira og finna góða leið til þess að vera sýnilegri í þessu samstarfi og finna leiðir með foreldrahópnum til að hafa nánara samstarf og samtal.

## **9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

21. ágúst – skipulagsdagur 1.

29. október – skipulagsdagur 2.

29. nóvember – skipulagsdagur 3.

26. febrúar – skipulagsdagur 4.

4. apríl – skipulagsdagur 5.

30. maí – skipulagsdagur 6.





## 10 Fylgiskjöl

### 10.1 Aðgerðir í tengslum við barnasáttmálann.

Hér á eftir eru aðgerðir úr Aðgerðaáætlun Laugasólar í tengslum við barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Þessum aðgerðum er öllum lokið og verður gerð ný áætlun næsta haust.

#### 1. Aðgerð – Réttindaráð.

**Hvað:** Setja upp réttindaráð þar sem 2 börn úr elsta árgangi á elstu deildum fá tækifæri til að taka þátt. Samtals verða það því 6 börn þetta skólaárið.

**Hvernig:** Árangur er metinn með því að réttindaráðið verði stofnað í skólanum og það séu reglulegir fundir. Í lok árs þá verður tekið samtal við starfsmenn og börn um hvernig þeim fannst ganga að vera með réttindaráð, á því samtali byggjum við svo þróun réttindaráðs í næstu aðgerðaráætlun.

**Hver:** Leikskólastýrur og umsjónamenn réttindaráðs bera ábyrgð á framkvæmd og framvindu vinnunnar með réttindaráðið.

**Þau eru:**

Hanna Halldórsdóttir – Leikskólastjóri

Sólveig Björg Pálsdóttir – Aðstoðar leikskólastjóri

Magrét Steinþórsdóttir – leikskólakennari

Ragnar Már Róbærtsson – Deildarstjóri.

**Undirritun ábyrgðaraðila:**

**Hvenær:** Undirbúningur hefst í Nóvember 2023 og fyrsti fundur verður haldinn í síðasta lagi í vikunni 26.febrúar – 1.mars 2024 og telst þá framkvæmdinni lokið.

**Tenging við markmið réttindaskóla:** Styður við aukið lýðræði með því að skapa vettvang og tækifæri fyrir börn til þess að hafa áhrif á leikskólastarfið/umhverfið.





**Tenging við barnasáttmálann:** Aðgerðin styður við margar greinar eftir því hvað sé tekið fyrir hverju sinni í ráðinu. Grunn greinar eru ; 4, 12 og 13 gr.



## 2. Aðgerð – Hvað eru réttindi?

**Hvað:** Fara djúpt í hugtakið réttindi og ganga úr skugga að börnin skilji þetta grundvallarhugtak.

**Hvernig:** Árangur er metinn með því að börnin geti rætt um réttindi sín, skilið þau og unnið með barnasáttmálann út frá þessum skilning.

**Hver:** Deildarstjórar deildanna bera ábyrgð á framkvæmd þessarar aðgerðar.

**Þau eru:**

Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir – Ljúfilækur.

Halla Sif Guðlaugsdóttir – Undralækur

Ragnar Már Róbertsson – Fagrilækur

Steinunn Ásta Jósúadóttir – Draumalækur

Hlín Druzin Halldórsdóttir – Sunnulækur

Oddný Rún Ellertsdóttir – Mánalækur.

**Undirritun ábyrgðaraðila:**

**Hvenær:** Allir deildarstjórar taka samtal við börnin í lok maí 2024 og ræða við þau um réttindi og kanna þekkingu hópsins, telst þá aðgerðinni lokið.





**Tenging við markmið réttindaskóla:** Að efla grunn þekkingu barnanna á réttindum barna. Efla þau til líðræðisþátttöku þeirra í skólastarfinu með það að leiðarljósi að sáttmálinn sé í raun hluti af okkar daglega starfi.

**Tenging við barnasáttmálann:**



### 3. Aðgerð – Matarmiðar

**Hvað:** Innleiðing á matskerfi fyrir börnini í tengslum við matartímana með matarmiðum sem þau festa á hólfrið sitt eftir hádegismat. Þar meta börnini sjálf hvernig þeim fannst þau borða í hádeginu.

**Hvernig:** Árangur er metinn með því að þessir miðar séu í virkri notkun inn á deildum og umræða tekin með börnunum um mat, matartíman og mikilvægi næringar. Í lok árs verður tekin umræða með starfsfólki, börnum og stjórnendum um hvernig innleiðingin gekk og um mögulega þróun og áframhald.

**Hver:** Deildarstjórar deilda bera ábyrgð á framkvæmd þessarar aðgerðar.

**Þau eru:**

Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir – Ljúfilækur.

Halla Sif Guðlaugsdóttir – Undralækur

Ragnar Már Róbertsson – Fagrilækur

Steinunn Ásta Jósúadóttir – Draumalækur

Hlín Druzin Halldórsdóttir – Sunnulækur

Oddný Rún Ellertsdóttir – Mánalækur.





**Undirritun ábyrgðaraðila:**

**Hvenær:** Allar deildir eiga að vera komnar með miðana í virka notkun ekki síðar en **föstudaginn 16.febrúar 2024** og telst þá aðgerðinni lokið.

**Tenging við markmið réttindaskóla:** Tengist því að tengja barnasáttmálann sem hluta af daglegu lífi og að samstarfi með börnum.

**Tenging við barnasáttmálann:**



**4. Aðgerð – Val um útiveru.**

**Hvað:** Innleiðing á vali barna um útiveru yfir leikskólann allan. Að minnsta kosti 1 sinni í viku fái þau algjört val um útiveru, má vera oftar en alls ekki sjaldnar.

**Hvernig:** Árangur er metin með samtali við deildarstjóra um hvenær börnin hafa algjört val um útiveru. Hvaða dag til dæmis.

**Hver:** Deildarstjórar deildanna bera ábyrgð á framkvæmd þessarar aðgerðar.

**Þau eru:**

Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir – Ljúfilækur.

Halla Sif Guðlaugsdóttir – Undralækur

Ragnar Már Róbertsson – Fagrilækur

Steinunn Ásta Jósúadóttir – Draumalækur

Hlín Druzin Halldórsdóttir – Sunnulækur





Oddný Rún Ellertsdóttir – Mánalækur.

**Hvenær:** Deildarstjórar gera grein fyrir **bessu í lokamati ársins sem á að skila 20.maí 2024**. Þar á að koma fram hvernig þetta var framkvæmt og hvernig gekk. Þá telst aðgerðinni lokið.

**Tenging við markmið réttindaskóla:** Tengist því að tengja barnasáttmálann sem hluta af daglegu lífi og að samstarfi með börnum. Auk þess sem aðgerðin eykur á lýðræði í daglegu starfi.

**Tenging við barnasáttmálann:**



## 5. Aðgerð – Fræðsla fyrir starfsfólk.

**Hvað:** Fá fræðslu aukna fræðslu fyrir starfsfólk um barnasáttmálann og hvernig er hægt að vinna með hann í daglegu starfi. Þetta verður gert á sameiginlegum starfsdegi 21.febrúar ásamt tveimur öðrum leikskólum (Ungbarnaleikskólinn í Bríetartúni og Vinagerði).

**Hvernig:** Það verður sameiginlegur vinnudagur fyrir hádegi með skónunum tveimur. Eftir hádegi verður síðan úrvinnsla innan leikskólans og mat unnið með öllu starfsfólkini inn á deildum. Matinu á að skila, tekið saman sem þætti í mati skólans yfir árið til leikskólastjórnenda. Matið verður síðan nýtt til frekari aðgerða í nýrri aðgerðaráætlun fyrir næsta ár.

**Hver:** Leikskólastýrur bera ábyrgð á þessari framkvæmd.

**Þær eru:**

Hanna Halldórsdóttir – Leikskólastjóri

Sólveig Björg Pálsdóttir – Aðstoðar leikskólastjóri

**Undirritun ábyrgðaraðila:**



**Hvenær:** Starfsdagurinn er 21.febrúar, deildarstjórar skila niðurstöðum mats ekki seinna en föstudaginn 23.febrúar og leikskólastýrur vinna úr matinu niðurstöður ekki seinna en **föstudaginn 1.mars 2024.** Þá er framkvæmdinni lokið.

**Tenging við markmið réttindaskóla:** Tengist þekkingu á réttindum barna og eldmóð fyrir réttindum barna.

**Tenging við barnasáttmálann:**



## 6. Aðgerð – Kjósa um gjöf frá foreldrafélaginu.

**Hvað:** Börnin í réttindaráðinu kjósa um hvað skal fá að gjöf frá foreldrafélaginu í ár. Þau taka samtal innan sinnar deildar og vinadeildir (yngri börn) taka samtalið á réttindaráðsfundi og kjósa síðan um hvað skal kaupa.

**Hvernig:** Árangur er metin með því að þau komi sér saman, með aðstoð fullorðinna, um hvað skal vera keypt. Taka þarf samtalið um upplifun barnanna og meta einnig út frá því.

**Hver:** Leikskólastýrur og umsjónamenn réttindaráðs bera ábyrgð á framkvæmd og framvindu vinnunnar með réttindaráðið.

**Þau eru:**

Hanna Halldórsdóttir – Leikskólastjóri

Sólveig Björg Pálsdóttir – Aðstoðar leikskólastjóri

Þóra Þorvaldsdóttir – Verkefnastýra



Ragnar Már Róbertsson – Deildarstjóri.

**Undirritun ábyrgðaraðila:**

Hvenær: **Miðað verði við að kosningunni verði lokið fyrir 16.apríl** á réttindaráðsfundi og börnin fái gjöfina afhenta fyrir sumardaginn fyrsta – sem er **25.apríl 2024**. Þá telst aðgerðinni lokið.

**Tenging við markmið réttindaskóla:** Þessi tengist lýðræði, samstarfi og að hafa barnasáttmálann sem hluta af daglegu starfi.

**Tenging við barnasáttmálann:**



## 10.2 Umsögn foreldraráðs

### **Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans**

Nýafstaðið skólaár hefur svo sannarlega verið gefandi fyrir nemendur og starfsfólk og ekki síður foreldra. Áfram einkennist allt skólahald á Laugasól af gleði og hlýju þar sem börnin eru ávallt höfð í fyrirrúmi. Á Laugasól hafa börnin alltaf fengið að hafa rödd en í veturn hefur engu að síður áfram verið lögð mikil og falleg vinna í að auka að raddir barnanna fái að heyrast enn hærra. Laugasól er nú orðinn réttindaskóli Unicef og því ber svo sannarlega að fagna eftir þrautalausa vinnu starfsfólks og stjórnenda. Með tilkomu Unicef í starfið á Laugasól fá börnin að taka enn meiri þátt í að móta sinn skóla og setja sitt spor á það hvernig skólastarfið fer fram. Hugmyndabankar á deildunum eru eitt gott dæmi um það hvernig börnin fá tækifæri til þess að koma með sínar hugmyndir inn í skólastarfið. Það að hafa hugmyndabanka hljómar kannski ekki merkilega en það krefst mikillar vinnu af hálfu starfsfólks að styðja við börnin og hjálpa þeim að láta hugmyndir þeirra verða að veruleika. Slíkt krefst skipulagningar og sveigjanleika á sama tíma en hugmyndakassarnir vöktu mikla lukku hjá börnunum og virkilega gaman að fá að fylgjast með því sem foreldri þegar tölvupóstar bárust heim varðandi hin ýmsu þema hina og þessa daga sem tengdust hugmyndum barnanna úr hugmyndakössunum. Það er gaman að lesa að Laugasól hyggst nýta barnasáttmálann sem samvinnuverkefni milli heimilis og skóla en það er afar mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til þess að læra það sama og börnin eru að læra um á leikskólanum sínum. Réttindaskólinn og umræðan um barnasáttmála hefur nú þegar haft jákvæð áhrif á samskipti barnanna okkar í leikskólanum og mun án efa halda áfram að skila sér í uppbryggilegum samskiptum heimafyrir jafnframt þegar foreldrar fá að vera meiri þátttakendur með upplýsingagjöf frá Laugasól eins og fram kemur í umbótaráætlun.

Regnbogavottunin hefur einnig verið stór hluti af starfinu í veturn. Við búum í margbreytilegu samfélagi þar sem það skiptir sköpum að börn læri strax í upphafi um margbreytileika mannkynsins. Á tímum fordóma er það í rauninni lífsnauðsynlegt og sem foreldri er ég Laugasól afar þakklát. Gleðigangan í samvinnu við Hof og Laugalækjarskóla í vor var einstakur viðburður þar sem við foreldrarnir fengum tækifæri til þess að taka þátt og vera með og upplifa afraksturinn. Þrátt fyrir úrhelli var gleði í öllum hjörtum hjá bæði börnum sem og fullorðnum. Á degi sem þessum fann ég fyrir stolti að eiga barn á slíkum afburðaleikskóla.



Á Laugasól starfar mikill og flottur mannauður. Krafturinn í starfinu felst í ánægðu starfsfólki sem svo skilar sér í líðan barnanna á leikskólanum. Í starfsáætlun kemur fram að auka eigi við samtöl við starfsfólk og er það virkilega ánægjulegt að lesa. Mannauðurinn skiptir gífurlega miklu máli og svona samtöl skila sér alltaf í aukinni starfsánægju.

Laugasól var ekki laus við framkvæmdarbras þetta skólaárið frekar en þau fyrri en í vor þurfti að færa stóran hluta starfsins yfir í Safamýri sökum framkvæmda. Segja má að það hafi gengið ótrúleg vel ef marka má líðan barnanna. Starfsfólkið lagði sig mikið fram við að gera allt huggulegt í Safamýrinni og taka vel á móti börnunum okkar á nýjum stað en án efa hefur þetta verið krefjandi verkefni fyrir starfsfólkið á Laugasól en það var ekki sjá þar sem brosið skein af öllum strax öllum strax fyrsta daginn í Safamýrinni. En í starfsáætlun kemur fram að mikilvægt sé að hlúa vel að starfsfólkini varðandi þessar stóru breytingar og halda vel utan um starfsandann á vinnustað sem er nú tvískiptur og er aðdáunarvert að ætlunin sé að vinna með þetta sérstaklega enda mjög mikilvægt. Starfsfólk hefur einnig fengið tækifæri og svigrúm til þess að sækja sér aukna þekkingu í gegnum námskeið eða fara í námsferðir. Þannig geta allir unnið í sínum styrkleikum og aukið faglegheit.

Sem foreldri barns á Laugasól verð ég að leyfa mér að hrósa starfsfólki og stjórnendum leikskólans fyrir faglegt og einna helst fallegt leikskólastarf. Starfsáætlun næsta vetrar gefur til kynna að áfram verði unnið markvisst að því að móta og þróa magnað leikskólastarf í þágu barnanna okkar. Það er ljóst að það er mikill metnaður fyrir starfinu og sem foreldri get ég heilshugar gefið starfsáætlun næsta skólaárs góða umsögn. Framtíðin á Laugasól er björt.

### Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

F. h. leikskólans .....



